

# Fundargerð 119. fundar

## fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2019, miðvikudaginn 10. apríl kl. 12:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Helgi Arnarson, Margrét Halldórsdóttir og Skúli Þór Helgason boðuðu forföll.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi, Helga Guðrún Jónasdóttir samskiptastjóri og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamállum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Starfsnámsár á lokaári til M.Ed gráðu - 1609007SA

Verið er að leggja lokahönd á samkomulag um framkvæmd og innleiðingu starfsnámsárs á lokaári til M.Ed. gráðu í samstarfi mnr., sambandsins, KÍ og háskóla. Drög að útfærslu voru lögð fram til kynningar og umræðu. Sveitarfélög og skólastjórnendur þurfa að fá sem fyrst greinargóðar upplýsingar um þær reglur sem gilda eiga um ráðningu starfsnámsnema, auglýsingaskyldu og þ.u.l. Það má ekki dragast lengur.

*Fræðslumálanefnd lítur á samkomulagið sem mikilvægt framfaraskref sem auki líkur á að kennaranemum fjölgi og þeir ílengist í starfi. Nefndin leggur áherslu á að strax verði gengið sé frá samkomulagi um launað stafsnaðm kennaranema og skólastjórnendum og sveitarfélögum kynntar þær reglur sem um þær stöður gilda. Tryggja þarf skólastjórnendum heimild til að ganga frá ráðningu stafsnaðmnemum án auglýsingaskyldu eða aðkomu undaþágunefndar og þar með öruggt starfs- og námsumhverfi frá næsta hausti.*

### 2. Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla, nr. 87/2008 - 1809018SA

Mennta- og menningarmálaráðherra mælti fyrir frumvarpi til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla 10. apríl. Gerir frv. ráð fyrir einu leyfisbréfi allra kennara er felur í sér tiltekna grunnkröfur til þeirra. Kennari aflar sér svo sérhæfingar á þeim sviðum sem hann kys og þarf ekki að einskorðast við einn skólastig umfram annað. Markmið frv. er að tryggja hæfni kennara og stjórnenda í samræmi við störf þeirra og ábyrgð um leið og það leysir úr ágöllum á fyrirliggjandi lögum sem ekki hefur komið að fullu til framkvæmda.

*Fræðslumálanefnd er mjög fylgjandi þeim breytingum sem frumvarpið boðar og leggur áherslu á að það verði að lögum á yfirstandandi þingi. Telur nefndin að það*

verði þróun skólustarfs til framdráttar og auki enn frekar líkur á því að fleiri kjósi að læra til kennara en nú er. Mikilvægt er í því samhengi, sbr. 1. dagskrárlíð hér á undan, að inn í frv. komi skýrari ákvæði er tryggi stöðu starfsnámsnema og heimild skólastjórnenda til þess að ráða þá til starfa þrátt fyrir ákvæði laga um forgang þeirra sem hafa leyfisbréf.

### **3. Tillögur til stjórnar SSH um sértæk búsetuúrræði fyrir börn með fjölþættan vanda og um að koma á fót sérskóla. - 1605006SA**

Á vettvangi SSH hafa félagsmálastjórar lagt fram ítarlegar og kostnaðargreindar tillögur sem fela í sér samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um að koma á fót sértækum búsetuúrræðum fyrir börn með fjölþættan vanda ("Vinakotshópurinn"). Þá liggur fyrir skólamálanefnd SSH tillaga um sambærilega greiningu á möguleika á samstarfi svf. á höfuðborgarsvæðinu um að koma á fót sérskóla á grunnskólastigi. Ástæður þessara verkefna liggja m.a. í því úrræðaleysi sem blasir við í kerfinu gagnvart þessum börnum og þeir sérskólar og sérúrræði sem bjóðast eru löngu yfirfull og anna engan vegin eftirspurn. Baldur Pálsson, fræðslustjóri á Seltjarnarnesi, kom á fund nefndarinnar og kynnti vinnu að þeirri tillögu og hugmyndir um að ráð sérstakan verkefnisstjórn sem tæki að sér að fylgja því máli eftir.

Fræðslumálanefnd lýsir yfir áhuga á að fá að fylgjast með framgangi þessa verkefnis hjá SSH. Taldi nefndin að skoða þyrfti forsendur þeirrar þróunar sem leitt hefur til þess ástands sem við blasir varðandi þjónustu við þessa fámennu hópa barna og ungmenna og lagði jafnframt ríka áherslu á samhæfingu félags-, heilbrigðis- og menntamálaráðuneyta við úrlausn mála.

### **4. Niðurstöður fundaraðar í tengslum við úttekt Evrópumíðstöðvar á framkvæmd opinberrar menntastefnu á Íslandi og næstu skref. - 151117SA**

Ragnar Þorsteinsson, starfsmaður stýrihóps, kom á fund nefndarinnar og fór yfir næstu skref í eftirfylgd úttektar að lokinni fundaröð um landið sl. haust. Þau lúta að athugun og endurskoðun núverandi fjármögnunar. Ragnar sagði frá meginniðurstöðum könnunar sem hann gerði í því skyni að kortleggja núverandi fjármögnun og sagði jafnframt frá sjálfsmatstæki fyrir stefnumótun fjárveitinga frá Evrópumíðstöð og nýtast mun vel við þá umfangsmiklu vinnu sem framundan er.

Fræðslumálanefndin fagnar því skipulagða starfi sem fram fer við eftirfylgd úttektar Evrópumíðstöðvar á framkvæmd opinberrar menntastefnu. Nefndin tekur undir með Ragnari um kosti þess að nýta umrætt sjálfsmatstæki en til stendur að 3-4 sveitarfélög taki að sér að prufukeyra það og leggja mat á gagnsemi þess í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

### **5. Innritunaráldur barna í leikskólum - 1903023SA**

Sambandið sendi nýverið út könnun til sveitarfélaga um aldur við inntöku barna á leikskóla o.fl. í tengslum við áform stjórnvalda um að lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og leikskóladvöl að því loknu. Valgerður F. Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði greindi frá meginlínunum í ljósi þeirra svara sem fyrirbyggjandi eru. Fram kom að eftir á að fullvinna niðurstöður en til stendur að kynna endalega niðurstöðu á vörfundum Grunns á Siglufirði 8. maí nk.

Fræðslumálanefndin lýsti ánægju með þá vinnu sem unnin hefur verið til undirbúnings framkominni tillögu félags- og barnamálaráðherra og varpar ljósi á núverandi framboð sveitarfélaga á leikskólaplássum og áætlaðri þróun í þeim efnum.

**6. Skólateymi sambandsins - fundargerðir o.fl. 2016-2020 - 1601010SA**

Fundargerð 56. fundar skólateymis var lögð fram til kynningar.

Fundi var slitið kl. 14:30

---

Anna Magnea Hreinsdóttir

---

Einar Már Sigurðarson

---

Helgi Arnarson